

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Þegar frumvarp um váttryggingarsamninga var til umfjöllunar á 130. löggjafarþingi voru ákvæði í 82. gr. þess frumvarps nokkuð umdeild. Það sem helst var um deilt voru ákvæði þess efnis að heimila mætti söluaðilum persónuþrygginga að leita upplýsinga um heilsufar annarra einstaklinga en tryggingartaka. Persónuvernd gerði verulegar athugasemdir við þetta og lagði til að orðin „eða annarra einstaklinga“ aftast í 2. mgr. 82. gr. frumvarpsins yrðu felld brott. Undir þetta tók minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar og fluttu þau Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Ágúst Ólafur Ágústsson og Ögmundur Jónasson breytingartillögu, samhljóða tillögu Persónuverndar. Sú breytingartillaga var felld.

Túlkun Persónuverndar á 82. gr. laga nr. 30/2004.

Váttryggjendur hafa á grundvelli þessarar lagagreinar farið fram á að váttryggingartakar veiti upplýsingar um heilsufar og sjúkrasögu foreldra sinna og systkina. Persónuvernd hefur frá því að lögin voru samþykkt í apríl 2004 gefið út álit (nr. 2005/103) þar sem meðal annars er metið lögmati þess að afla heilsufarsupplýsinga um foreldra og systkini umsækjenda um líf- og sjúkdómatryggingar. Í því áliti kemur skýrt fram að Persónuvernd telur að um persónugreinanlegar upplýsingar sé að ræða:

„Enda þótt eyðublað geri ekki ráð fyrir því að umsækjandi nafngreini þessa ættingja eru þetta persónuupplýsingar, enda að jafnaði ljóst hverjir í hlut eiga.“

Um heimildarákvæði 2. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, segir Persónuvernd í áður nefndu áliti:

„Af framangreindu ákvæði og skýringum við það í athugasemdum frumvarpsins má ráða að tryggingafélagi sé heimilt að afla upplýsinga um heilsufar skyldmenna til þess að meta hvort athuga þurfi heilsufar þess sem óskar váttryggingar. Váttryggjendum er m.ö.o. heimilt að spyrja um þessi atriði í þeim tilgangi að meta hvort rannsaka þurfi frekar núverandi eða fyrra heilsufar þess sem óskar váttryggingar. Enga heimild er hins vegar að finna fyrir váttryggjendum til að afla upplýsinga um hvort váttryggður sé líklegur til þess að fá eða þróa með sér tiltekna sjúkdóma í framtíðinni. Þvert á móti er váttryggjendum óheimilt, fyrir eða eftir gerð samnings um persónuþryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar um erfðaeiginleika manns og áhættu á því að hann þrói með sér eða fái sjúkdóma. Í ljósi þess banns verður að líta svo á að váttryggingafélagi sé óheimilt að afla upplýsinga um heilsufar skyldmenna sem eru til þess fallnar að veita vitneskju um erfðaeiginleika umsækjandans. Ber hér að hafa í huga að margir algengir sjúkdómar orsakast af samspili erfða- og umhverfisþátta. Verður því að líta svo á að öflun upplýsinga um arfgennga sjúkdóma foreldra og systkina jafngildi öflun upplýsinga um erfðaeiginleika umsækjandans sjálfs. Verður enda vart komið auga á það í hvaða tilgangi öðrum váttryggingafélag ætti að sækjast eftir upplýsingum um slíka sjúkdóma hjá einstaklingum.“

Í niðurstöðuorðum ofangreinds álits Persónuverndar segir:

„2. Öflun upplýsinga um arfgenga sjúkdóma foreldra og systkina umsækjenda er óheimil.“

Umsögn Persónuverndar um fyrirliggjandi frumvarp.

Eins og segir í greinargerð með frumvarpinu hefur risið vafi um ofangreint atriði. Þá segir í greinargerð að markmið þessa frumvarps sé að eyða þessum vafa. Í umsögn Persónuverndar frá 12. febrúar 2007 um fyrirliggjandi frumvarp kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemdir við frumvarpið út frá sjónarmiðum um skýrleika. Í umsögn frá 2. mars 2007 frá Persónuvernd segir að stofnunin telji mikilvægt að ákvæði um umrædda upplýsingavinnslu beri skýrlega með sér vilja löggjafans. Engu að síður kemur skýrt fram í báðum umsögnum Persónuverndar að stofnunin telji varhugavert að veita þessa heimild til upplýsingaöflunar. Í fyrri umsögn Persónuverndar segir:

„Skýrt skal tekið fram að Persónuvernd telur að meginstefnu varhugavert að heimila aðilum utan heilbrigðiskerfisins umfangsmikla skráningu eða aðra meðferð heilsufarsupplýsinga án þess að til komi upplýst samþykki hlutadeigandi einstaklinga. Þá skal því haldið til haga að, eftir því sem Persónuvernd veit best, er sjaldgæft í framkvæmd að upplýsingar um heilsufar skyldmenna váttryggingartaka eða váttryggðs leiði til þess að tryggingafélög óski eftir frekari rannsókn á heilsufari umsækjanda á því tímamarki sem hann sækir um váttryggingu. Þvert á móti eru upplýsingarnar í reynd notaðar til þess að rökstyðja hærra iðgjald, setningu sérskilmála eða synjun um váttryggingu vegna þess að tryggingafélög telja líklegt að umsækjandi þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm í framtíðinni.“

Þá segir einnig í umsögninni:

„... bendir Persónuvernd á að útfrá sjónarmiðum um persónuvernd og friðhelgi einkalífs er æskilegra að þessara upplýsinga sé ekki aflað. Persónuvernd bendir einnig á að engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna fram á hversu miklar afleiðingar það kynni að hafa í för með sér fyrir váttryggingamarkaðinn að afla ekki upplýsinga um heilsufar skyldmenna s.s. um hversu mikið iðgjöld myndu hækka ...“

Farið gegn sjónarmiðum Persónuverndar.

Minni hlutinn tekur undir ofangreind sjónarmið Persónuverndar. Þá má vera ljóst að með samþykki þessa frumvarps er meiri hlutinn að taka afstöðu gegn sjónarmiðum persónuverndar og friðhelgi einkalífsins. Það harmar minni hlutinn og bendir á að fjölmargir umsagnaraðilar eru andsnúnir frumvarpi þessu og markmiðum þess. Má þar nefna Læknafélag Íslands sem galt varhug við umræddum ákvæðum 82. gr. laganna við afgreiðslu þeirra 2004. Læknafélagið hefur sent nú sent nokkrar umsagnir við fyrirliggjandi frumvarp sem fylgja álit þessu sem fylgiskjöl. Í þessum umsögnum segir Læknafélagið og áréttað það nú síðast í umsögn frá 12. mars 2007 að félagið telji að ákvæðið brjóti gegn mannréttindasáttmála Evrópu og íslensku stjórnarskránni. Er þetta sjónarmið rökstutt í umsögnum sem eru fylgiskjöl með álit þessu.

Mikil andstaða við málið.

Fjölmargar umsagnir bárust um málið og eru margar þeirra andsnúnar umræddri heimild. Neytendasamtökin telja of langt gengið að heimila váttryggingafélögum að óska eftir upplýsingum um sjúkdóma í fjölskyldu váttryggingartaka. ASÍ leggst gegn frumvarpinu og segir m.a. í umsögn frá 8. mars sl.:

„82. gr. laganna eftir breytingu gengur því tvímælaust gegn þeirri vernd sem stjórnarskrá og alþjóðlegir sáttmálar eiga að veita borgurunum ...“

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leggst gegn þessari heimild. Krabbameinsfélagið leggst gegn samþykkt frumvarpsins og leggur til að upplýsingaöflun um heilsufar annarra einstaklinga verði óheimil. Talsmaður neytenda sendi inn umsögn þar sem lagt var til að afgreiðslu málsins yrði frestað og haft yrði viðtækara samráð við alla hagsmunaaðila áður en málið yrði afgreitt frá Alþingi.

Of langt seilst við upplýsingaöflun.

Minni hlutinn telur ljóst að deilurnar sem staðið hafa um ákvæði það sem fjallað er um í fyrirleggjandi frumvarpi munu ekki leysast þrátt fyrir að skýrleiki ákvæðisins sé aukinn. Afar umdeilanlegt er að löggjafinn veiti heimildir til upplýsingaöflunar um heilsufar einstaklinga án upplýsts samþykkis þeirra. Þá er ljóst að þrátt fyrir samþykkt fyrirleggjandi frumvarps verður þeirri staðreynd ekki eytt að tilgangur upplýsingaöflunar váttryggingarsala um heilsufar skyldmenna er til þess fallið að meta hvort umsækjandi þrói með sér ákveðna sjúkdóma. Ekki verður séð hvernig slíkri upplýsingaöflun sé ætlað að veita vitneskju um annað en erfðaeiginleika umsækjandans. Þannig er innbyrðis þversögn í lagagreininni sjálfri, a.m.k. eru mörkin afar óljós. Þá telur minni hlutinn of mikinn vafa leika á því að verið sé að brjóta alþjóðasamninga og stjórnarskrá líkt og Læknafélagið og ASÍ benda á og að þann þátt málsins þurfi að skoða mun betur en meiri hluti nefndarinnar hefur gert.

Í þessu máli vegast á annars vegar viðskiptahagsmunir tryggingasala og hins vegar persónuvernd og friðhelgi einstaklinga. Frumvarp þetta tekur afstöðu með viðskiptahagsmunum tryggingasala. Minni hlutinn styður hins vegar meginsjónarmið persónuverndar einstaklinga. Minni hlutinn telur of langt seilst í upplýsingaöflun um heilsufar einstaklinga og leggur því til breytingartillögu þar sem farið er fram á að foreldrar og systkini þurfi að veita samþykki sitt fyrir því að heilsufarsupplýsingar um þá séu veittar tryggingasölum. Auk þess leggur minni hlutinn til þá breytingartillögu að börn tryggingartaka verði undanskilin kröfu tryggingasala um heilsufarsupplýsingar nánustu fjölskyldumeðlima.

Alþingi, 12. mars 2007.

Katrín Júlíusdóttir,
frsm.

Ágúst Ólafur Ágústsson.

Lúðvík Bergvinsson.

Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal I.**Umsögn frá Læknafélagi Íslands.**
(8. febrúar 2007.)


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingarsamninga, 387. mál,
upplýsingaöflun váttryggingarsamning**

Læknafélag Íslands óskaði eftir því við Siðfræðiráð félagsins að það tæki frumvarpið til skoðunar og gæfi stjórn félagsins umsögn sína um það.

Umsögn Siðfræðiráðs félagsins fylgir með bréfi þessu og hefur stjórn félagsins ákvæðið að gera hana að sinni.

Ef eftir því verður óskað er félagið reiðubúið að senda fulltrúa sína á fund nefndarinnar til að ræða umsögnina nánar.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands



Sigurbjörn Sveinsson
Formaður

Álit Siðfræðiráðs á framkomnu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um váttryggingasamninga nr. 30/2004.

Um er að ræða tillögu um breytingu á einni grein laganna, nr. 82 sem fjallar um upplýsingaöflun við töku persónutrygginga.

Greinin hljóðar svo í núgildandi lögum:

“82. gr. Skylda váttryggingartaka og váttryggðs til þess að veita upplýsingar um áhættu.

Takmarkanir á upplýsingagjöf.

Á meðan félagið hefur ekki samþykkt að veita váttryggingu getur það óskað eftir upplýsingum sem hafi þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Sama á við þegar váttryggingartaki veitir upplýsingar fyrir hönd váttryggðs. Sé upplýsinganna aflað hjá öðrum en váttryggingartaka eða váttryggðum skal áður en þeirra er aflað liggja fyrir skriflegt upplýst samþykki þess sem aflað er upplýsinga um. Váttryggingartaki, og eftir atvikum váttryggður, skal einnig að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félaginu óheimilt, fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar um erfðaeiginleika manns og áhættu á því að hann þrói með sér eða fái sjúkdóma. Félaginu er einnig óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé á að fá slíkar upplýsingar. Framangreint bann gildir þó ekki um athugun á núverandi eða fyrra heilsufar mannsins eða annarra einstaklinga.

Synji félagið að veita persónutryggingu skal það rökstyðja synjunina sé eftir því leitað.”

Um er að ræða tvær efnisbreytingar:

- Að bæta inn í 1. mgr. á eftir fyrstu setningu setningunni: “Í þeim tilgangi er félaginu heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem váttryggingataki eða váttryggður, foreldri hans, barn eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin.” og
- Að bæta inn í 2. mgr. Setningunni: “Þetta bann á þó ekki við um upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar sem staðfesta (sic) að váttryggður sé haldinn tilteknum sjúkdómi þegar upplýsinga skv. 1. mgr. er aflað

Í fyrri liðnum er félagi þannig heimilt að afla upplýsinga um heilsufar annarra en þeirra sem eru að óska eftir tryggingu (vátryggingartaki eða eftir atvikum vátryggður) og án heimildar viðkomandi. Heilsufar hvers einstaklings er meðal hans persónulegustu upplýsinga og hefur rétturinn til þess að ráða því hverjum hver upplýsir um sitt heilsufar verið treystur æ betur með lögum á undanförunum árum. Þannig hafa verið sett lög um réttindi sjúklinga, lög um persónuvernd og lög um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðisviði. Í engum þessara laga er heimild fyrir einstakling að upplýsa um heilsufar annarra en síns eigin án hans samþykkis. Verði þessi breyting að lögum er komið fordæmi sem getur verið lítið til. Siðfræðiráð leggst því gegn því að þessi heimild verði veitt með samþykki framlagðs frumvarps.

Hvað síðari breytinguna áhrærir gerir Siðfræðiráð ekki athugasemdir.

Siðfræðiráð vill hins vegar gera athugasemd við síðustu setningu 1. mgr. umræddrar greinar (sjá hér að ofan): “Vátryggingataki, og eftir atvikum vátryggður, skal að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.”

Með þessu ákvæði laganna er verið að leggja óhóflega skyldu á herðar vátryggingartaka eða eftir atvikum vátryggða. Hver metur hvað hann vissi eða hefði mátt vita sem hefði verulega þýðingu fyrir áhættu félagsins? Þarna er aðstöðumunur einstaklinga sem hafa misgóðar forsendur til að vita hvað skiptir máli og félags sem eðli máls samkvæmt fylgist grannt með framvindu læknisvísinda varðandi áhættu sjúkdóma. Mörg ár líða gjarnan frá því að trygging var tekin og þar til meta þarf hugsanlegar bætur og það getur verið erfitt fyrir einstakling að færa sönnur á að hann hafi ekki haft vitneskju um tiltekin atriði. Í mörgum tilvikum er hann eðli máls samkvæmt ekki lengur til staðar ef um úrskurð á greiðslu vegna líftryggingar er að ræða. Siðfræðiráð leggur því til að Alþingi felli þetta ákvæði úr lögnum við afgreiðslu þessa frumvarps.

Kópavogi 31 janúar 2007

Fyrir hönd Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands

Jón Snædal, formaður Siðfræðiráðs

Fylgiskjal II.

Umsögn frá Læknafélagi Íslands (um breytingartillögu). (22. febrúar 2007.)

Efni: Umsögn um breytingartillögur efnahags- og viðskiptanefndar við fúmvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga, 387. mál

Fulltrúar Læknafélags Íslands mættu á fund nefndarinnar þann 13. febrúar sl. og gerðu grein fyrir afstöðu sinni. Á þeim fundi voru einnig fulltrúar atvinnulífsins ásamt fulltrúa ASÍ.

Sú breytingartillaga sem nú liggur fyrir tekur ekkert tillit til hóflegra athugasemda félagsins að því undanskildu að ekki verður heimilt að krefja upplýsinga um sjúkdóma barna váttryggingartaka eða hins váttryggða. Því virðist sem þingnefndin ætli að ganga erinda tryggingarfélaganna og taka óljósa viðskiptahagsmunum þeirra fram yfir sjálfsagða persónuvernd einstaklinganna.

Það er ekki mikil eða íþyngjandi krafa gagnvart tryggingarfélögum að kveða á um í lögum að sé aflað upplýsinga um heilsufar foreldra eða systkina váttryggingartaka eða hins váttryggða þá skuli liggja fyrir upplýst samþykki þeirra fyrir slíkri upplýsingagjöf. Slíka skyldu mætti binda við lifandi ættingja. Það er ekki líklegt að slík "kvöð" myndi draga úr vilja einstaklinga til kaupa á tryggingum og tryggingarfélögin þyrftu ekki að gera annað en að búa til eitt eyðublað til viðbótar og afhenda væntanlegum tryggingartaka. Framkvæmd á þessum nótum myndi einnig tryggja betur að váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, geti veitt rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Það er nefnilega ekki sjálfsagt að váttryggingartaki viti um alla sjúkdóma hjá foreldrum sínum og systkinum sem geta haft áhrif á vilja tryggingarfélaganna til að tryggja viðkomandi. Ef síðar, jafnvel áratugum síðar, þegar reynir á trygginguna, er komið í ljós að þegar trygging var tekin þá hafi skyldmenni verið haldið sjúkdómi, sem skipti máli fyrir tryggingarfélagið, þá getur reynst erfitt fyrir tryggingartaka að sanna að hann hafi ekki haft vitneskju um sjúkdóminn þegar hann svaraði spurningum tryggingarfélagsins með "tæmandi" hætti. Orðalagið eins og það er nú er fortakslaust sem getur valdið tryggingartaka vandræðum að ósekju síðar.

Fallist þingnefndin ekki á að gera kröfu um að fyrir liggja upplýst samþykki þegar gefnar eru upplýsingar um skyldmenni þá er amk full ástæða til að breyta orðalagi ákvæðisins "... skal veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins" í skyldu til að veita rétt og tæmandi svör "eftir bestu vitund."

Krafa um upplýst samþykki skyldmenna þegar veittar eru upplýsingar um heilsufar þeirra ætti því að tryggja betur hagsmunum tryggingarfélaganna þannig að tryggjara sé að váttryggingartaki veiti rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Verði ekki fallist á það sjónarmið gæti þeirri hugsun skotið upp kollinum að tryggingarfélögin vilji hafa þennan háttinn á m.a. til þess að geta mögulega hafnað greiðslu bóta síðar, ef í ljós kemur að tryggingartaki getur ekki sannað að hann hafi ekki vitað um sjúkdóm skyldmennis sem hefði haft áhrif á vilja tryggingarfélagsins til að tryggja viðkomandi. Þá er í sumum tilvikum búið að greiða iðgjöld í tugi ára sem ekki verða endurgreidd.

Félagið leggst gegn því að heimilt verði að leggja fram staðfestingu á því að vera ekki haldinn tilteknum sjúkdómi. Með slíkri heimild er orðið stutt í að tryggingarfélögin geti farið að gera

greinarmun á þeim sem leggja slíka staðfestingu fram og þeirra sem það gera ekki. Með því að heimila að lögð sé fram staðfesting þess að vera ekki haldinn tilteknum sjúkdómi verða þeir sem það gera ekki óneitanlega komnir í hætti áhættuflokk sem hópur, þar sem fyrir liggur að einhver hluti þeirra getur verið haldinn tilteknum sjúkdómum. Hverjir það eru nákvæmlega liggur hins vegar ekki fyrir og því spurning hvort með óbeinum hætti sé verið að þvinga væntanlega tryggingartaka til að leggja fram niðurstöður erfðarannsóknna um heilsufar. Þá verður til annars vegar hinn "hreini" stofn og hins vegar "hinir". Slík niðurstaða gæti haft óeðlileg áhrif á iðgjaldagreiðslur og möguleika einstaklinga, sem ekki eru haldnir sjúkdómum, en vilja einhverra hluta vegna ekki undirgangast sérstaka erfðarannsókn, til að kaupa sér tryggingar.

Félagið leggur til að greinin verði svohljóðandi:


„Á meðan félagið hefur ekki samþykkt að veita váttryggingu getur það óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Í þeim tilgangi er félaginu heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem váttryggingartaki eða váttryggður, foreldri hans eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin og er þá m.a. heimilt að óska eftir staðfestingu, sem fengist hefur með framkvæmd erfðarannsóknar, á því hvort váttryggður er haldinn tilteknum sjúkdómi. ~~eða~~ ~~ekki~~. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, sem skal eftir bestu vitund veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Sé upplýsinganna aflað frá öðrum en váttryggingartaka eða váttryggðum eða upplýsinga aflað um heilsufar lifandi foreldra eða systkina váttryggingartaka eða hins váttryggða skal, áður en þeirra er aflað, liggja fyrir skriflegt upplýst samþykki þess sem aflað er upplýsinga um. Váttryggingartaki, og eftir atvikum váttryggður, skal að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Váttryggingarfélagi er óheimilt, fyrir eða eftir gerð sammings um persónuþryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar á einstaklingi og geta gefið til kynna hættu á að hann þrúi með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm.

Synji félagið að veita persónuþryggingu skal það rökstyðja synjunina sé eftir því leitað.“

Þess er óskað að þingnefndin leiti álits Persónuverndar á athugasemdum félagsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands



Sigurbjörn Sveinsson
Formaður

Fylgiskjal III.**Umsögn frá Læknafélagi Íslands (um breytingartillögu).**

(6. mars 2007.)

Efni: Umsögn II um breytingartillögur efnahags- og viðskiptanefndar við fúmvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga, 387. mál

Eftir að Læknafélag Íslands gaf umsögn sína um ofangreinda breytingartillögu með bréfi dags. 22. febrúar var félaginu bent á, að þær tillögur til breytinga á lögum um váttryggingasamninga, sem nú liggja fyrir Alþingi, kunni að fara í bága við alþjóðlega samninga um mannréttindi, sem gildi hafa á Íslandi.

Félagið tók framangreinda vísbendingu til athugunar og vill í framhaldi þess koma aftirfarandi á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis:

Þann 12. október 2004, með gildistöku á Íslandi þann 1. febrúar 2005 sbr. C deild stjórnartíðinda nr. 54/2004, var fullgiltur samningur (Oviedo samningurinn) um vernd mannréttinda og mannglegrar reisnar með hliðsjón af starfsemi á sviði líffræði og læknisfræði; samningur um mannréttindi og líflæknisfræði.

Í 1. gr. samningsins um tilgang og markmið segir:

“Aðilar að þessum samningi skulu vernda reisn og einstaklingseinkenni allra manna og tryggja öllum, án mismununar, að ekki sé gengið á friðhelgi þeirra eða önnur réttindi og mannfrelsi við störf á sviði líffræði og læknisfræði”.

Í 2. gr. um að maðurinn skuli vera í öndvegi segir:

“Taka skal hagsmuni og velferð manna fram yfir einbera hagsmuni samfélags eða vísinda”.

Í 5. gr. um samþykki segir:

“Inngrip á sviði heilbrigðisþjónustu er óheimilt nema sá sem á í hlut hafi veitt til þess fjárlst og upplýst samþykki. Sá hinn sami skal fá viðeigandi upplýsingar fyrirfram um tilgang og eðli inngripsins svo og afleiðingar þess og þá áhættu sem því fylgir. Hlutaðeigandi getur dregið samþykki sitt til baka hvenær sem vera skal.”

Í 10. gr. um einkalíf og rétt til upplýsinga segir:

“Sérhver á rétt á því að einkalíf hans sé verndað þegar upplýsingar um heilsufar hans eru annars vegar”.

Í 11. gr. um bann við mismunun segir:

“Óheimilt er að mismuna nokkrum manni á grundvelli erfðastofns”.

Í 12. gr. um erfðafraeðiþrófanir með forsagnargildi segir:

“Óheimilt er að gera prófanir sem segja fyrir um arfgenga sjúkdóma eða gera kleift annað hvort að greina að maðurinn beri í sér gen sem veldur sjúkdómi eða að hann hafi erfðabundna hneigð eða næmi fyrir sjúkdómi, nema í lækningaskyni eða vegna vísindarannsóknna í lækningaskyni, og með þeim fyrirvara að leitað sé viðeigandi erfðarfræðiráðgjafar”.

Einu undantekningarnar sem gerðar eru frá ofangreindum reglum er að finna í 26. gr. þar sem segir:

“Óheimilt er að setja aðrar takmarkanir við því að neyta réttinda og verndarákvæða þessa samnings en þær sem mælt er fyrir um í lögum og eru nauðsynlegar í lýðræðislegu samfélagi til að tryggja öryggi almennings, fyrirbyggja glæpi, venda almannaheilbrigði eða vernda réttindi og frelsi annarra”.


Ennfremur er sagt í “explanatory report”

<http://conventions.coe.int/Treaty/en/Reports/Html/164.htm> með ofangreindum samningi:

85. Article 12 prohibits the carrying out of predictive tests for reasons other than health or health-related research, even with the assent of the person concerned. Therefore, it is forbidden to do predictive genetic testing as part of pre-employment medical examinations, whenever it does not serve a health purpose of the individual. This means that in particular circumstances, when the working environment could have prejudicial consequences on the health of an individual because of a genetic predisposition, predictive genetic testing may be offered without prejudice to the aim of improving working conditions. The test should be clearly used in the interest of the individual's health. The right not to know should also be respected.

86. Insofar as predictive genetic testing, in the case of employment or private insurance contracts, does not have a health purpose, it entails a disproportionate interference in the rights of the individual to privacy. An insurance company will not be entitled to subject the conclusion or modification of an insurance policy to the holding of a predictive genetic test. Nor will it be able to refuse the conclusion or modification of such a policy on the ground that the applicant has not submitted to a test, as the conclusion of a policy cannot reasonably be made conditional on the performance of an illegal act.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands



Sigurbjörn Sveinsson, formaður.

Fylgiskjal IV.

Umsögn frá Læknafélagi Íslands (um breytingartillögu).

(8. mars 2007.)

Efni: Umsögn III um breytingartillögur efnahags- og viðskiptanefndar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga, 387. mál

Félagið þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til hitta nefndina á fundi nú í morgun og ræða við hana um fyrirhugaðar breytingar á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga.

Með bréfi þessu vill félagið ítreka þau sjónarmið sem fulltrúar þess töluðu fyrir á fundinum og jafnframt gera viðbótarathugasemdir.

Í fundarbyrjun upplýsti formaður nefndarinnar fulltrúa félagsins um að fulltrúar Persónuverndar, Fjármálaeftirlitsins og Samtaka fjármálafyrirtækja hefðu hist á fundi þann 28. febrúar sl. og sammælt um að gera tillögu að orðalagi við hið umdeilda ákvæði. Það orðalag væri nú sú tillaga sem efnahags- og viðskiptanefnd væri að vinna með og send var félaginu til skoðunar fyrir fundinn. Í tillögunni væri að nokkru komið til móts við sjónarmið Læknafélagsins og spurt var hvort og þá hvaða athugasemdir félagið hefði við fyrirleggjandi tillögu.

Fulltrúar félagsins tóku fram að þær breytingar sem hefðu verið gerðar væru til bóta en að þær gengju of skammt því ennþá væri ákvæðið óásættanlegt út frá sjónarmiðum um persónuvernd. M.a. væri í fyrirleggjandi ákvæði ennþá sú heimild að váttryggingartaki eða váttryggður gæfi upplýsingar um heilsufar foreldra og systkina án þess að fyrir lægi upplýst samþykki þeirra.

Fulltrúar félagsins bentu á að þótt Persónuvernd hefði samþykkt að aðstoða við að koma ákvæðinu þannig í orð að ekki risu deilur um efnislegt innihald ákvæðisins þá hefði Persónuvernd í bréfi til nefndarinnar dags. 2. mars sl. slegið veigamikinn varnagla. Í bréfinu segir m.a.:

“Persónuvernd hefur þegar skilað umsögn um framangreint frumvarp og er enn þeirrar skoðunar að út frá sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs sé varhugavert að heimila aðilum utan heilbrigðiskerfisins umfangsmikla skráningu eða aðra meðferð heilsufarsupplýsinga án þess að til komi upplýst samþykki hlutadeigandi einstaklinga. Persónuvernd gerir sér hins vegar grein fyrir því að einnig verður að líta til annarra sjónarmiða og að löggjafinn kunnir að meta það svo að þau sjónarmið vegi þyngra.”

Það er vissulega rétt hjá Persónuvernd að löggjafinn getur þurft að líta til annarra sjónarmiða þegar slakað er á kröfum um persónuvernd. Þau sjónarmið fara hins vegar ekki eftir frjálsu mati löggjafans heldur eru bundin í Mannréttindasáttmála Evrópu og stjórnarskrá íslenska ríkisins. Því til viðbótar verður löggjafinn að virða þá alþjóðlegu samninga sem Ísland hefur fullgilt.

Þann 12. október 2004 fullgilti Ísland hinn svokallaða Oviedó samning sem fjallar um vernd mannréttinda og mannlegrar reisnar við hagnýtingu líffræði og læknisfræði. Í 10. gr. þess samnings segir m.a.: *“Sérhver á rétt á því að einkalíf sé verndað þegar upplýsingar um heilsufar hans eru annars vegar”*.

Í skýringum með ofangreindri grein samningsins segir að með greininni sé verið að endurstaðfesta (e. reaffirming) grunnregluna sem kynnt er í 8. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu. Eða með öðrum orðum að í Oviedó samningnum sé ekki um að ræða nýja efnisreglu að þessu leyti heldur eingöngu verið að segja það sem talið hefur verið að 8. gr. Mannréttinasáttmálans fæli í sér. Í 8. gr. Mannréttinasáttmálans segir að *sérhver maður eigi rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskrifta*. Þetta ákvæði er því nánast samhljóða 71. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að *allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu*.

Í 8. gr. Mannréttinasáttmálans og 71. gr. stjórnarskrárinnar eru tilgreindar ástæður þess að heimilt geti verið að víkja frá ofangreindri vernd einkalífs. Þær ástæður verða að vera lögbundnar og eru takmarkaðar í Mannréttinasáttmálanum, sem hefur lagagildi á Íslandi, við *að nauðsyn beri til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra*. Í stjórnarskránni er kveðið á um að takmarka megi friðhelgi einkalífs með lagaheimild *ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra*.

Það liggur því fyrir að ekki er heimilt að víkja frá vernd upplýsinga um heilsufar nema þær ástæður sem tilgreindar eru í Mannréttinasáttmálanum og stjórnarskránni séu fyrir hendi.

Það er því afar forvitnilegt að fá um það upplýsingar frá tryggingafélagunum hvers vegna þeim er svo mikið í mun að foreldrar og systkini váttryggingartaka eða váttryggðs eigi ekki að fá að njóta verndar þegar upplýsingar um heilsufar þeirra eru annars vegar. Að sama skapi er fróðlegt að fá að vita hvernig þau ætla að heimfæra undanþáguheimildir Mannréttinasáttmálans og stjórnarskrárinnar á brottnám einkalífsverndarinnar.

Á fundinum í morgun upplýsti einn nefndarmanna efnahags- og viðskiptanefndar að tryggingarfélögin hefðu á fundi með nefndinni lýst því að það væri of mikið flækjustig að gera kröfu um að foreldrar og systkini gæfu upplýst samþykki sitt fyrir því að miðlað væru upplýsingum um heilsufar þeirra til tryggingarfélaganna.

Hvorki í Mannréttinasáttmála Evrópu né íslensku stjórnarskránni er vikið að því að heimilt sé að víkja frá vernd einkalífs vegna þess að flækjustig við tiltekna framkvæmd verði of mikið. Sú skýring er reyndar með svo miklum ólíkindum að ef það hefði ekki verið þingmaður sem miðlaði þessum upplýsingum þá hefði mátt efast um að rétt væri eftir haft. Að nokkrum skuli detta í hug að leggja það til að vikið verði frá stjórnkrár- og mannréttindabundinni vernd friðhelgis einkalífs, og þar með upplýsinga um heilsufar, vegna flækjustigs við tiltekna framkvæmd fær vart staðist.

Ef ástæða tryggingarfélaganna er raunverulega sú að þau óttist flækjustig við að gera kröfu um að fyrir liggja upplýst samþykki foreldra og systkina um að gefnar séu heilsufarsupplýsingar um þau til tryggingarfélaganna þá er Læknafélag Íslands reiðubúið að aðstoða þau við að greiða úr flækjunni. T.d. mætti semja eyðublað þar sem fram kæmi að óskað væri upplýsinga um heilsufar foreldra og systkina váttryggingartaka eða váttryggðs til að váttryggingarfélagi væri unnt að meta áhættuna við að selja váttryggingartaka váttryggingu. Til að af viðskiptum geti orðið verði

foreldrar og systkini að samþykka með undirskrift sinni að umbeðnar upplýsingar um heilsufar þeirra verði veittar tryggingarfélaginu.


Það er alvarlegt mál ef þingmenn hins íslenska Alþingis ætla að fara eftir þessum óskum váttryggingarfélaganna. Það er eitt þegar hagsmunaaðilar sjást ekki fyrir í málflutningi sínum en annað ef þingmenn láta glepjust af málflutningnum. Ef ástæður tryggingarfélaganna eru aðrar en þingmaðurinn upplýsti um er amk sjálfsögð krafa að þær verði gefnar upp þannig að ræða megi um þær á málefnalegan hátt.

Að lokum leggur félagið til að við nefndina að bannað verði að leggja fram staðfestingu á því að vera ekki haldinn tilteknum sjúkdómi. Í þeirri breytingatillögu sem nefndin lagði upphaflega fram var lagt til að heimilað yrði að leggja slíka staðfestingu fram. Félagið lagðist gegn því í bréfi sínu til nefndarinnar dags. þann 22. febrúar sl. þar sem með því væri gerð tilraun til að skipta þjóðinni í “hinn hreina kynstofn” annars vegar og “hina” hins vegar. Í þeirri tillögu sem nú liggur fyrir er búið að taka þessa heimild út. Með vísan til þess hvernig mál þetta ber að, þ.e. ágreiningur milli opinberra stofnana um hvernig beri að skilja ákvæðið og viðleitni Persónuverndar við að leggja lögjafarvaldinu lið við að finna orðalag sem ekki veldur deilum síðar um innihald, er full ástæða til að hnykkja á því að banna að slík staðfesting verði lögð fram. Með því ætti að vera tryggt að viðskiptavinum tryggingarféлага verði ekki mismunað á neinn hátt.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins gæti þá verið svohljóðandi og er tillaga félagsins undirstrikuð:

“Félaginu er óheimilt, fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar á einstaklingi og geta gefið til kynna hættu á að hann þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm eða ekki.”

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands



Sigurbjörn Sveinsson, formaður.

Afrit.

Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins

Jón Sigurðsson, iðnarðar- og viðskiptaráðherra og formaður Framsóknarflokksins

Fylgiskjal V.**Athugasemd frá framkvæmdastjóra Læknafélags Íslands.**

(12. mars 2007.)

Læknafélag Íslands hefur fengið upplýsingar um að viðskiptaráðuneytið hafi keypt álit Guðmundar Sigurðssonar, prófessors við Háskólann í Reykjavík, á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga. Að sögn kemst prófessorinn að þeirri niðurstöðu að Oviedo samningurinn styðji ekki málatilbúnað Læknafélagsins um að upplýst samþykki foreldra og systkina váttryggingartaka þurfi að liggja fyrir þegar váttryggingartaki gefur um þau heilsufarsupplýsingar til váttryggingarfélaganna. Þegar félagið snéri sér til Alþingis með beiðni um að fá afrit af álitu prófessorsins var því vísað á viðskiptaráðuneytið. Viðskiptaráðuneytið treystir sér hins vegar ekki til að afhenda umrætt álit nema tiltekinn starfsmaður sem fer með afgreiðslur á grundvelli upplýsingalaga afgreiði beiðni félagsins. Sá starfsmaður var hins vegar farinn úr húsi um þrjú leytið og því verður ekki unnt að afgreiða erindi félagsins fyrr en á morgun.

Læknafélagið er ekki sátt við þessa afgreiðslu málsins og óskar eftir því við þingnefndina að félagið verði upplýst um innhald álits prófessorsins nú þegar. Það er skammt eftir af þingstörfum og því mikilvægt að sá tími sem eftir er verði nýttur til fullnustu en mál ekki látn bíða að óþörfu.

Það kemur félaginu á óvart að heyra af því fréttir að prófessorinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að Oviedo samningurinn væri að engu hafandi varðandi það álitæfni sem hér er til umræðu. Þótt prófessorinn búi að viðtækri reynslu á sviði váttryggingamála eftir um 10 ára starfsreynslu hjá stóru tryggingafélagi er það félaginu ekki fullnægjandi vitneskja. Til að unnt sé að ræða viðfangsefnið á málefnalegan hátt er félaginu nauðsynlegt að fá að sjá álitid og taka afstöðu til þess – ekki síst ef þingnefndin ætlar að byggja á því til að hafna röksemdum félagsins.

Þar sem félagið hefur aðeins óljósar hugmyndir um innhald álitsgerðar prófessorsins og á þessari stundu er alls óvist hvenær félagið fær þær upplýsingar er rétt að taka fram eftirfarandi:

Oviedo samningurinn fjallar um vernd mannréttinda og mannlegrar reisnar við hagnýtingu líffræði og læknisfræði. Í inngangsorðum samningsins segir m.a. að samningsaðilar hafi í huga almennu mannréttindayfirlýsinguna sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 10. desember 1948 og sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 en honum var veitt lagagildi á Íslandi með samþykkt laga nr. 62 frá 1994 um mannréttinasáttmála Evrópu. Í 10. gr. Oviedó samnings er kveðið á um að sérhver eigi rétt á því að einkalíf hans sé verndað þegar upplýsingar um heilsufar hans eru annars vegar. Í skýringum með þessari sömu grein segir að í greininni sé verið að staðfesta það sem þegar er kveðið á um í 8. gr. mannréttinasáttmálans. Það þýðir með öðrum orðum að í 10. gr. Oviedó samningsins er ekki verið að kveða á um nýja efnisreglu heldur verið að áréttta það sem segir í 8. gr. mannréttinasáttmálans um einkalífverndina. Eða með enn öðrum orðum að þótt tilvist Oviedó samningsins væri ekki fyrir hendi þá teldist einkalífverndin ná til upplýsinga um heilsufar einstaklingsins. Og að lokum um þetta: Þótt Oviedó samningurinn sé samningur um tiltækið svið þar sem settar eru ítarlegri reglur á mörgum sviðum þá dregur hann ekki á nokkurn hátt úr gildi mannréttinasáttmálans eða stjórnarskrárinnar sem fela í sér sjálfstæða einkalífvernd.

Ef ofangreind rökræða er ekki í samræmi við efni álitsgerðar prófessorsins stafar það af þegar útskýrðum ástæðum og er þá beðist velvirðingar á því. En eins og útskýrt hefur verið er þessi athugasemd þó gerð á þessari stundu ef þær upplýsingar sem félagið hefur fengið eru réttar – þannig gefst þingmönnum meira ráðrúm til að meta málefnalegar athugasemdir.

Með góðri kveðju

Gunnar Ármannsson hdl. frkvstj. LI

Fylgiskjal VI.

Athugasemd frá framkvæmdastjóra Læknafélags Íslands.

(12. mars 2007.)

Ég hef nú fengið í hendur umbæðið álit prófessorsins. Af því tilefni er nauðsynlegt að taka fram strax að hann byggir álitssgerð sína á bréfi félagsins dags. 6. mars sl. Í því bréfi var eingöngu um að ræða ábendingu til þingmannanna um tilvist Oviedo samningsins með sérstakri ábendingu á nokkrar greinar. Enda segir í álitu prófessorsins að ekki sé að finna í bréfi Læknafélagsins nein frekari rök fyrir því hvaða greinar samningsins félagið telur vera þess eðlis að fyrirbyggjandi breytingartillaga gangi gegn þeim þar sem það var einfaldlega ekki gert.

Í bréfi félagsins dags. 8. mars er það rökstutt hvornig félagið telur ákvæði breytingatillögunnar stangast á við mannréttindasáttmála Evrópu og stjórnarskrána. NB því er ekki haldið fram að ákvæðið brjóti gegn Oviedo samningnum heldur er rökstutt með tilvísan í greinargerð með 10. gr. Oviedo samningsins að ekki sé verið að búa til nýja efnisreglu í Oviedo samningnum heldur árétta fyrirbyggjandi reglu í Mannréttindasáttmálanum og stjórnarskránni (sjá einnig rökstuðning í fyrri pósti frá því dag sem fylgir með).

Það er beinlínis ósanngjarnt gagnvart prófessorinum að fá hann til að leggja mat á málið án þess að hann hafi haft forsendur Læknafélagsins fyrirbyggjandi til að byggja á. Í tilvísanaskrá hans er t.d. ekki að finna tilvísun í skýringu 63 sem er með grein 10 og fjallar um regluna í 8. gr. mannréttindasáttmálsins um einkalífsvörndina. Þar sem forsendur prófessorsins voru rangar er það beinlínis villandi af Viðskiptaráðuneytinu að leggja álitssgerð hans fram í málinu sem rökstuðning gegn málflytningu félagsins. Ég get alveg fallist á þá niðurstöðu prófessorsins að ef spurning um hvort efnahags- og viðskiptanefnd er tilbúin að leggja breytingatillöguna fram sem sína stendur og fellur með afstöðu til bréfs Læknafélagsins frá 6. mars sl. þá eigi það bréf ekki að stoppa málið. Þar vísar prófessorinn til þess sem hann segir almennt um gildi Oviedo samningsins auk þess sem honum finnst ástæða til að benda aftur á að Læknafélagið gerir í raun ekki tilraun í bréfi sínu til að færa rök fyrir því með hverjum hætti breytingartillagan gangi gegn samningnum. Rökstuðningur félagsins er hins vegar settur fram í bréfi þess dags. 8. mars sl. Ef mál þetta hefur verið tekið úr þingnefndinni án þess að taka tillit til röksemda félagsins sem það setti fram í bréfi sínu dags. **8. mars** sl. (og á fundi þann sama dag) og byggir þá ákvörðun sína á álitu prófessorsins hefur einhver ekki unnið heimavinnuna sína (þó ekki prófessorinn).

Að lokum er rétt að árétta svo ekki fari milli mála að félagið telur ákvæðið brjóta gegn mannréttindasáttmála Evrópu og stjórnarskránni. Í hæstaréttardómi nr. 151/2003 (gagnagrunnsmálið) segir hæstiréttur um upplýsingar sem færðar eru í sjúkraskrár um sjúklinga að: *“Upplýsingar af þessum toga geta varðað einhver brýnustu einkamálefni þess, sem í hlut á, án tillits til þess hvort þær geti talist honum til hjóðs. Ötvírætt er að ákvæði 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar tekur til slíkra upplýsinga og veitir sérhverjum manni fríðhelgi um einkalíf sitt að þessu leyti. Til að tryggja þá fríðhelgi veður löggjafinn meðal annars að gæta að því að lög leiði ekki af sér raunhæfa hættu á að upplýsingar sem þessar um einkahagi tiltekins manns komist í hendur annarra, sem eiga ekki réttmætt tilkall til aðgangs að þeim, hvort sem um er að ræða aðra einstaklinga eða handhafa ríkisvalds”. Það athugist að þótt þarna sé fjallað um upplýsingar sem skráðar eru í sjúkraskrá þá er hæstiréttur að fjalla um upplýsingarnar sem slíkar óðháð því hvaðan þær koma. Það er rökstutt í bréfinu frá 8. mars (ekki frá 6. mars) að undanþáguheimildir löggjafans taka ekki til þess að forða vátryggingarfélögum frá einhverju tilteknu flækjustigi.*

Með góðri kveðju

Gunnar Ármannsson hdl. frkvstj. LÍ

Fylgiskjal VII.


Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands.
(8. febrúar 2007.)

ASÍ tekur undir þau sjónarmið frumvarpsins að skýr mörk þurfi að draga um öflun og notkun upplýsinga sem gefnar eru vegna töku persónuþrygginga. ASÍ telur þau mörk skýrt dregin í gildandi löggjöf og mælir ekki með samþykkt þeirra breytinga sem lagðar eru til og fela í sér lögbundna heimild til þess að skilyrða töku persónuþrygginga við að gefnar séu viðkvæmar persónuupplýsingar um aðila utan váttryggingasambandsins.

Tilgangur þessa breytta lagaákvæðis er að leita upp ættlæga sjúkdóma sem áhrif geta haft á áhættu váttryggjanda. Íslenskar fjölskyldur eru hins vegar samsettar með ýmsum hætti og ekki óalgengt að innan sömu fjölskyldu séu hálf- og óskyldir einstaklingar þó formleg tengsl geti verið með öðrum hætti og upplýsingar jafnvel ekki fyririggjandi um rétt blóðtengsl. Raunveruleg not af umbeðnum upplýsingum eru því lítil og í mesta lagi leiðbeinandi nema þeim fylgi mun ýtarlegri upplýsingar sem geta gengið langt inn á það svið sem borgararnir eiga kröfu á að njóta persónuverndar um. 82.gr. laganna eftir breytingu gengur því tvímælalaust gegn þeirri vernd sem stjórnarskrá og alþjóðlegir sáttmálar eiga að veita borgurinum og leggst ASÍ gegn þessari breytingu.

83.gr. laganna verður og að teljast veita váttryggjanda nægilega tryggingu fyrir að tryggingataki veiti þær upplýsingar sem hann getur og best veit: Þar segir: *“Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr. og váttryggingaratburður hefur orðið ber félagið ekki ábyrgð. □ Hafi váttryggingartaki eða váttryggður ella vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. □ Við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. skal litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sökin var mikil, með hvaða hætti váttryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti.”*

F.h. Alþýðusambands Íslands,



Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ

Fylgiskjal VIII.**Umsögn frá Krabbameinsfélagi Íslands.**
(12. febrúar 2007.)

Krabbameinsfélag Íslands hefur fengið til umsagnar ofangreint þingmál.

Fyrir hönd krabbameinssjúklinga geri ég athugasemdir við tilgang þessa frumvarps.

Það hefur lengi verið baráttumál þeirra sem greinast með krabbamein, einkum þeirra sem ungir eru, hafa læknað, eiga lífið framundan og þurfa að sjá fjölskyldum sínum farborða að geta fengið sjúkdóma- eða líffryggingar eins og aðrir þjóðfélagsþegnar. Þetta hefur reynst torsótt leið eða ófær.

Það, að kanna heilsufar nákominna ættingja bendir til þess að ætlunin sé að slíkar upplýsingar hafi forspárgildi. Vitneskja um alvarlegan sjúkdóm hjá foreldri, systkini eða barni yrði þá væntanlega nýtt til að hækka iðgjaldagreiðslur váttryggingartaka eða váttrygga, synja um tryggingu eða setja viðkomandi sérskilmála. Þarna er í raun verið að leita eftir persónugreinanlegum upplýsingum sem auðvelt er að halda í gagnabanka váttryggingafélags. Þó að bannákvæði sé tiltekið í 2. mgr. 82 gr. laganna um hagnýtingu á niðurstöðum erfiðarannsóknar er hér í raun verið að seilast eftir hliðstæðum upplýsingum í breytingartillögu við 1. mgr. 82. gr.

Það er hagsmunamál samfélagsins að þegnar þess njóti jafnréttis til að framfleyta sér og fjölskyldum sínum og geti gert til þess viðeigandi ráðstafanir. Þeir sem hafa fengið alvarlega sjúkdóma eiga almennt harðari glímu við þessi grundvallaratriði en þegar þeir hafa læknað er mikilvægt að þeir njóti sömu réttinda og aðrir. Líka til að tryggja hag sinn og fjölskyldu sinnar.

Hér vegast á viðskiptahagsmunir tryggingafélaga og friðhelgi og persónuréttindi einstaklinga. Velta má því fyrir sér hvert stefnir þegar visindum fleygir fram og fleira verður ljóst með tilurð sjúkdóma en nú er. Verða þeir þá dregnir í dilka sem lítil áhætta er fólgin í að tryggja en hinir skildir eftir sem bera með sér einhverja áhættu og eiga grýttari vegferð framundan?

Fyrir hönd Krabbameinsfélagsins styð ég ekki þessa breytingu og mæli því ekki með samþykkt þessa frumvarps. Ennfremur legg ég til að orðin "eða annarra einstaklinga" sem finna má aftast í 2. mgr. 82. gr. núgildandi laga verði felld niður.

Með vinsemd,


Guðrún Agnarsdóttir forstjóri
Krabbameinsfélags Íslands

Fylgiskjal IX.

Athugasemd frá verkefnisstjóra hjá Krabbameinsfélagi Íslands.
(16. febrúar 2007.)

Vegna frumvarps sem liggur fyrir Alþingi um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 vil ég fyrir hönd stuðningshópa krabbameinssjúklinga á vegum Krabbameinsfélags Íslands lýsa áhyggjum mínum af ákvæðum í 82. grein laganna þar sem tryggingafélögum er gefin heimild til að óska eftir upplýsingum um sjúkdóma sem foreldri, barn eða systkini hins váttryggða eru haldin eða hafa verið haldin og að ekki sé bannað að nýta upplýsingar fengnar úr niðurstöðum úr erfðarannsóknnum sem staðfesta að foreldri, barn eða systkini váttryggingataka sé haldinn einhverjum sjúkdómi þegar upplýsingum vegna kaupa á líf- og sjúkdómatryggingu er aflað.

Rök: Sumir sjúklingar hafa greinst með sjúkdóma (krabbamein) sem rekja má til óheilbrigðs lífsstíls svo sem reykinga, áfengis- eða vímuefnaneyslu, umhverfisáhrifa eða annarra ástæðna en erfða. Upplýsingar um sjúkdóma ættingja eru til þess fallnar að hækka iðgjaldagreiðslur tryggingafélaganna og mismuna fólki.


Einnig finnst mér siðferðilega rangt að fara fram á að umsækjendur um líf- og sjúkdómatryggingar gefi upp persónulegar upplýsingar um nánustu ættingja sína í viðskiptalegum tilgangi, þ.e. til kaupa á líf- eða sjúkdómatryggingu.

Ég tel það áhyggjuefni ef krabbameinssjúklingar finna sig þvingaða til að leyfa aðgang að sínum sjúkraskrá ef skyldmenni þeirra vilja kaupa sér sjúkdómatryggingu og þá skiptir líka máli hvað hefur verið skráð í sjúkraskrárnar og hversu faglega hefur verið staðið að skráningu upplýsinga í sjúkraskrár eða sambærilegar skrár.

Í sjúkraskrár eru persónulegar upplýsingar um fólk, sem skráðar eru af ýmsum starfsstéttum en í frumvarpinu er hnykkt á því að upplýsa megi um upplýsingar sem aflað hefur verið af læknum og öðrum heilbrigðisstéttum og koma úr sjúkraskrár eða öðrum sambærilegum skrár sem kunna að vera haldnar á sjúkra- eða heilbrigðisstofnunum. Því finnst mér eðlilegt að eftirfarandi atriði séu skoðuð vandlega varðandi þessa lagabreytingu:

1. Er tryggt að upplýsingar í sjúkraskrár séu alltaf réttar?
2. Vilja tryggingafélögin aðeins tryggja fólk sem er í engri áhættu með að fá sjúkdóma?
3. Er ekki ástæðulaust fyrir fólk sem búið er að fá úr því skorið að það sé ólíklegt að það fái sjúkdóma að sjúkdómatryggja sig?
4. Þegar sótt er um líf- eða sjúkdómatryggingu þarf umsækjandi að gefa upplýsingar um heilbrigði sitt og ættmenna sinna. Gefi umsækjandi rangar upplýsingar getur tryggingafélagið hafnað að greiða út bætur. Af hverju er það ekki nægjanlegt?
5. Getur aðgangur tryggingafélaga að sjúkraskrár hindrað fólk í að leita sér lækninga af ótta við að óviðkomandi aðilar fái aðgang að upplýsingunum og geti notað þær gegn því eða ættmennum þess síðar? T.d. HIV smituðum?
6. Munu tryggingafélögin leita eftir upplýsingum frá Krabbameinsskránni á grunni þessara laga?

Með vinsemd og virðingu



Gunnjóna Una Guðmundsdóttir
Félagsráðgjafi og verkefnisstjóri hjá
Krabbameinsfélagi Íslands.

Fylgiskjal X.

Umsögn frá Krabbameinsfélagi Íslands (um breytingartillögu).
(27. febrúar 2007.)

Ég þakka fyrir að fá tækifæri til að gera frekari athugasemdir eftir að breytingartillögur hafa komið fram.

Því miður tel ég að þær séu ekki til að bæta frumvarpið. Ágætt er að börn skuli tekin út en athugasemdir okkar gilda enn um aðra ættingja sem upp eru taldir. Einnig má telja varasamt að veita heimild til að leggja fram staðfestingu á því að viðkomandi sé ekki haldinn einhverjum sjúkdómi. Ef vátryggði getur ekki lagt fram slíka staðfestingu einhverra hluta vegna eða kys ekki að gera svo, er staða viðkomandi gerð tortryggileg.

Fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands legg ég til að frumvarp þetta verði ekki samþykkt.

Með vinsemd,

Guðrún Agnarsdóttir

Fylgiskjal XI.**Umsögn frá Persónuvernd.**

(12. febrúar 2007.)

Persónuvernd vísar til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 1. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um frumvarp til laga um breyting á lögum um váttryggingarsamninga, 387. mál, upplýsingaöflun váttryggingafélaga (þskj. 429 á 133. löggjafarþingi.)

1.

Frumvarp þetta er til komið vegna vafa um það hvort 2. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga heimili tryggingafélögum að óska eftir upplýsingum um heilsufar náinna skyldmenna váttryggingartaka og váttryggðra. Vafi hefur leikið á því hvort ákvæðið sé nægilega skýrt til að heimila vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga og er frumvarpinu ætlað að bæta úr því. Með frumvarpinu er lagt til að 82. gr. laganna verði breytt á þá leið að skýrlega komi fram að tryggingafélagi sé heimilt að „óska upplýsinga um sjúkdóma sem váttryggingartaki eða váttryggður, foreldri hans, barn eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin“ vegna áhættumats.

Skýrt skal tekið fram að Persónuvernd telur að meginstefnu varhugavert að heimila aðilum utan heilbrigðiskerfisins umfangsmikla skráningu eða aðra meðferð heilsufarsupplýsinga án þess að til komi upplýst samþykki hlutaðeigandi einstaklinga. Þá skal því haldið til haga að, eftir því sem Persónuvernd best veit, er sjaldgæft í framkvæmd að upplýsingar um heilsufar skyldmenna váttryggingartaka eða váttryggðs leiði til þess að tryggingafélög óski eftir frekari rannsókn á heilsufari umsækjanda á því tímamarki sem hann sækir um váttryggingu. Þvert á móti eru upplýsingarnar í reynd notaðar til þess rökstyðja hærrí iðgjöld, setningu sérskilmála eða synjun um váttryggingu vegna þess að tryggingafélög telja líklegt að umsækjandi þróa með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm í framtíðinni. Persónuvernd er því enn þeirrar skoðunar að öflun upplýsinga um heilsufar skyldmenna geti eðli málsins samkvæmt ekki falið í sér annað en könnun á því hætta sé á arfgengum sjúkdómi, þrátt fyrir að ekki sé gengið svo langt að láta umsækjendur gangast undir erfðarannsókn í því skyni.

Í því samhengi sem hér er ræðir hefur verið bent á að afli tryggingafélögin ekki upplýsinga um heilsufar skyldmenna váttryggingartaka og váttryggðra geti ákvæði í endurtryggingarsamningum

hugsanlega leitt til þess að iðgjöld hækki verulega og að það dragi úr framboði á persónuþryggingum hérlendis. Hins vegar bendir Persónuvernd á að út frá sjónarmiðum um persónuvernd og friðhelgi einkalífs er æskilegra að þessara upplýsinga sé ekki aflað. Persónuvernd bendir einnig á að engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna fram á hversu miklar afleiðingar það kynna að hafa í för með sér fyrir váttryggingamarkaðinn að afla ekki upplýsinga um heilsufar skyldmenna, s.s. um hversu mikið iðgjöld myndu hækka, en slík matsgerð liggur hugsanlega fyrir hjá hagsmunaaðilum.

2.

Á meðan á samningu frumvarpsins stóð fékk Persónuvernd tækifæri til að koma að ábendingum um efni frumvarpsins. Af því tilefni skal tekið fram, til að fyrirbyggja allan misskilning, að aðkoma Persónuverndar að undirbúningnum sneri að því að færa með skýrari hætti í orð þann skilningi sem fulltrúar SÍT og Fjármálaeftirlitsins hafa lagt í núgildandi ákvæði 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, en fól ekki í sér afstöðu stofnunarinnar til þess hvort upplýsingaöflunin sem um ræðir væri æskileg. Persónuvernd fékk síðast drög send frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytingu hinn 2. júní 2006 og gerði þá engar athugasemdir við efni ákvæðisins út frá sjónarmiðum um skýrleika. Frá þeim tíma hafa hins vegar gerðar nokkrar breytingar og gerir Persónuvernd eftirfarandi athugasemdir við þær:

1. *Upplýsingar um sjúkdóma barna váttryggingartaka eða váttryggðra*

Í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að tryggingafélagi sé heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem váttryggingartaki eða váttryggður, foreldri hans, *barn* eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin. Þetta er þrengra orðalag en í gildandi lögum. Bent er á að í framkvæmd hafa íslensk tryggingafélög ekki óskað upplýsinga um sjúkdóma barna váttryggingartaka eða váttryggðra, heldur óskað upplýsinga um heilsufar foreldra og systkina eingöngu. Ef ætlunin með frumvarpinu er að færa ákvæði laga um váttryggingarsamninga til samræmis við framkvæmd er rétt að hafa þetta í huga, eða í það minnsta taka til skoðunar hvort vísindaleg rök mæli með því að afla upplýsinga um sjúkdóma barna. Hér þarf í fyrsta lagi að hafa í huga að sérstök sjónarmið gilda um einkalífsvernd ölögráða barna þar sem þau eru síður í aðstöðu til þess að gæta réttinda sinna sjálf. Í öðru lagi er ekki óeðlilegt að áður en heimild til öflunar upplýsinga um sjúkdóma barna er bundin í lög verði aflað umsagna frá fagaðilum um vægi þeirra upplýsinganna.

2. *Niðurstöður erfðarannsóknna*

Í 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að tryggingafélagi sé óheimilt, fyrir eða eftir gerð samnings um persónuþryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar á einstaklingi og *geta gefið til kynna hættu á að hann þrúi með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm*.

Í 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir síðan: „Þetta bann á þó ekki við um upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar á einstaklingi sem staðfesta að váttryggður sé haldinn tilteknum sjúkdómi þegar upplýsinga skv. 1. mgr. er aflað“ - þ.e. *þegar tryggingafélag hefur enn ekki samþykkt að veita váttryggingu*.

Um þetta segir í athugasemdum við frumvarpið: „Hafi á hinn bóginn sjúkdómur verið greindur með erfðarannsókn, t.d. DNA-rannsókn, er félaginu heimilt að nýta þær upplýsingar í áhættumati sínu, en ekki aðrar upplýsingar. Jafnframt væri váttryggingartaka, eða váttryggðum, skylt að upplýsa um sjálfa sjúkdómsgreininguna, sem hefði fengist við erfðarannsóknina, sbr. greinargerð með gr. 3a í dönsku váttryggingarsamningalögnum, nr. 129/1930, sbr. breytingalög nr. 413/1997, sem er fyrirmynd ákvæðisins í 82. gr.“

Ákvæði 1. másl. tekur samkvæmt skýru orðalagi sínu til upplýsinga sem geta gefið til kynna heilsufar váttryggingartaka eða váttryggðs í framtíðinni, en ekki til upplýsinga um fyrra eða núverandi heilsufar. Af orðalagi 1. másl. leiðir því þegar að upplýsingar um að váttryggður sé haldinn tilteknum sjúkdómi þegar hann sækir um váttryggingu falla ekki undir bannreglu ákvæðisins. Sé samt sem áður talið nauðsynlegt að taka það fram þarf að gera orðalagið skýrara til þess að koma í veg fyrir misskilning.

Í *fyrsta lagi* er ákvæði 2. másl. orðað sem undanþága frá bannreglu 1. másl. þrátt fyrir að bannreglan taki samkvæmt orðalagi sínu ekki til þeirra upplýsinga sem tilgreindar eru í 2. másl. Heppilegra væri að nota jákvætt heimildarákvæði, þ.e. taka fram að tryggingafélagi sé heimilt að óska eftir eða afla tiltekinnar upplýsinga á meðan það hefur ekki samþykkt að veita váttryggingu og skipa því í 1. mgr. þar sem mælt er fyrir um aðrar heimildir tryggingafélaga.

Í *öðru lagi* þyrfti að taka fram að tryggingafélagi sé heimilt að taka við upplýsingum sem fengnar eru úr erfðarannsókn og staðfesta að váttryggður sé *ekki* haldinn tilteknum sjúkdómi, en þess skal getið að Persónuvernd hefur a.m.k. einu sinni borist símtal frá umsækjanda um váttryggingu sem var meinað að leggja slíkar upplýsingar fram til tryggingafélags með vísan til núgildandi ákvæðis 82. gr. laga nr. 30/2004.

Í samræmi við framangreint leggur Persónuvernd til að ákvæði 1. gr. frumvarpsins verði orðað með eftirfarandi hætti:

„Á meðan félagið hefur ekki samþykkt að veita váttryggingu getur það óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Í þeim tilgangi er félaginu heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem váttryggingartaki eða váttryggður, foreldri hans eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin og er þá m.a. heimilt að óska eftir staðfestingu, sem fengist hefur með framkvæmd erfðarannsóknar, á því hvort váttryggður er haldinn tilteknum sjúkdómi eða ekki. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Sé upplýsinganna aflað frá öðrum en váttryggingartaka eða váttryggðum skal, áður en þeirra er aflað, liggja fyrir skriflegt upplýst samþykki þess sem aflað er upplýsinga um. Váttryggingartaki, og eftir atvikum váttryggður, skal að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Tryggingafélagi er óheimilt, fyrir eða eftir gerð samnings um persónutryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu erfðarannsóknar á einstaklingi og geta gefið til kynna hættu á að hann þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm.

Synji félagið að veita persónutryggingu skal það rökstyðja synjunina sé eftir því leitað.“

Virðingarfyllst



f.h. forstjóra
Særún María Gunnarsdóttir,
lögfræðingur

Fylgiskjal XII.**Umsögn frá Persónuvernd.**

(2. mars 2007.)

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um váttryggingarsamninga, 387. mál.

Vísað er fyrri samskipta vegna frumvarps til laga um breyting á lögum um váttryggingarsamninga. Það er er m.a. tilkomið vegna niðurstöðu Persónuverndar, dags. 16. ágúst 2005, um að í lögum sé ekki að finna skýra heimild fyrir váttryggingafélög til að afla heilsufarsupplýsinga um skyldmenni váttryggingartaka.

Persónuvernd hefur þegar skilað umsögn um framangreint frumvarp og er enn þeirrar skoðunar að út frá sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs sé varhugavert að heimila aðilum utan heilbrigðiskerfisins umfangsmikla skráningu eða aðra meðferð heilsufarsupplýsinga án þess að til komi upplýst samþykki hlutaðeigandi einstaklinga. Persónuvernd gerir sér hins vegar grein fyrir því að einnig verður að líta til annarra sjónarmiða og að löggjafinn kunni að meta það svo að þau sjónarmið vegi þyngra.

Fari svo að löggjafinn ákveði að heimila umrædda upplýsingavinnslu er mikilvægt að ákvæði þar að lútandi beri skýrlega með sér vilja löggjafans. Persónuvernd hefur ávallt lýst sig reiðubúna til að leggja sitt af mörkum til þess og átti því frumkvæði að fundi hinn 28. febrúar sl. með fulltrúa Fjármálaeftirlitsins og fulltrúum Samtaka fjármálafyrirtækja. Á fundinum var sammælt um að gera eftirfarandi tillögu að orðalagi 1. gr. frumvarpsins:

„Á meðan félagið hefur ekki samþykkt að veita váttryggingu getur það óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Í þeim tilgangi er félaginu heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem váttryggingartaki eða váttryggður, foreldri hans eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin óháð því hvernig sjúkdómur hefur greinst. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, sem skal, eftir bestu vitund, veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Sé upplýsinganna aflað frá öðrum en váttryggingartaka eða váttryggðum skal, áður en þeirra er aflað, liggja fyrir skriflegt upplýst samþykki þess sem aflað er upplýsinga um. Váttryggingartaki, og eftir atvikum váttryggður, skal að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Félaginu er óheimilt, fyrir eða eftir gerð sammings um persónutryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar sem fengnar eru úr niðurstöðu

erfðarannsóknar á einstaklingi og geta gefið til kynna hættu á að hann þrói með sér eða fái tiltekinn sjúkdóm. Félaginu er einnig óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé á að fá slíkar upplýsingar.

Synji félagið að veita persónutryggingu skal það rökstyðja synjunina sé eftir því leitað.“

Virðingarfyllst


Sigrún Jóhannsdóttir

Fylgiskjal XIII.

Umsögn frá Neytendasamtökunum.

(12. febrúar 2007.)

Neytendasamtökin telja eðlilegt að váttryggingafélag meti það á grundvelli upplýsinga um væntanlegan váttryggingataka sjálfan hvort það vilji tryggja hann og þá fyrir hversu hátt iðgjald. Telja samtökin of langt gengið að heimila váttryggingafélögum að óska eftir upplýsingum um sjúkdóma í fjölskyldu váttryggingataka. Hafi váttryggingataki ekki upplýsingar um sjúkdóm í fjölskyldunni virðist það geta leitt til réttindamissis fyrir hann. Margar ástæður geta verið fyrir því að fólk ræði ekki sjúkdóma sína við aðra, þ.á.m. sína eigin fjölskyldu og er því ósamngjarnt að gera ráð fyrir að váttryggingataki sé í öllum tilvikum meðvitaður um sjúkdóma innan fjölskyldunnar.

Virðingarfyllt,
f.h. Neytendasamtakanna,



Jóhannes Gunnarsson, formaður

Fylgiskjal XIV.

Umsögn frá Neytendasamtökunum (um breytingartillögu).
(26. febrúar 2007.)

Neytendasamtökin ítreka fyrri umsögn sína um að eðlilegt sé að váttryggingafélag meti það á grundvelli upplýsinga um váttryggingataka sjálfan hvort það vilji tryggja hann og þá fyrir hversu hátt iðgjald. Verði ekki fallist á þetta sjónarmið Neytendasamtakanna leggja samtökin til að fallist verði á tillögu Læknafélags Íslands að orðalagi 82. gr. laganna.

Virðingarfyllt,
f.h. Neytendasamtakanna,


Jóhannes Gunnarsson, formaður.

Fylgiskjal XV.

Umsögn frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.
(15. febrúar 2007.)


Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga þakkar beiðni um umsögn um frumvarp til laga um váttryggingasamninga. Beiðist er velvirðingar á að ekki var unnt að virða þann skamma frest sem gefinn var til umsagnar. Siða- og sáttanefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga var undirritaðri til ráðgjafar um umsögnina.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær meginbreytingar. Hin fyrri lýtur að heimild váttryggingafélaga til að afla upplýsinga um heilsufar annarra en váttryggingataka, þ.e. þriðja aðila. Að flestra mati eru upplýsingar um heilsufar mjög persónulegar. Ýmis nýleg lög hafa styrkt það mat s.s. lög um réttindi sjúklinga, lög um persónuvernd og lög um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðisviði. Í þeim lögum er hvergi heimild til þess að einstaklingar veiti upplýsingar um heilsufar þriðja aðila, án samþykkis viðkomandi. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leggst því gegn því að þessi heimild verði veitt með samþykki frumvarps þessa.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga telur að síðari breytingin sem lögð er til í frumvarpinu um bann við hagnýtingu upplýsinga um erðaeiginleika manna sé mjög til bóta.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,


Elsa B. Friðfinsdóttir, formaður

Fylgiskjal XVI.

**Umsögn frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga
(um breytingartillögu).
(26. febrúar 2007.)**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga álitur umræddar breytingar til bóta. Engu að síður er enn til staðar í frumvarpinu heimild til að veita upplýsingar um heilsufar þriðja aðila án samþykkis viðkomandi. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga ítrekar því andstöðu sína við því að þessi heimild verði veitt með samþykki frumvarps þessa.

Virðingarfyllt,

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður

Fylgiskjal XVII.**Umsögn frá talsmanni neytenda.**


(24. febrúar 2007.)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 1. febrúar sl., um ofangreint þingmál sem því miður gafst ekki færi á að svara innan tiltekins frests. Ég hef ekki áður gefið umsögn um drög að frumvarpi þessu eins og óskað var eftir um um öll mál á vinnslustigi er snerta hagsmuni og réttindi neytenda, sbr. bréf til allra ráðuneyta, dags. 28. nóvember 2005, sem áréttað hefur verið síðan gagnvart þeim sem eiga í hlut. Meðal hlutverka talsmanns neytenda er skv. 6. gr. laga nr. 62/2005 að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda, stuðla að aukinni neytendavernd og setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega“. Er mér kunnugt um að við undirbúning þessa frumvarps hafi verið haft samráð við hagsmunaaðila á meðal atvinnurekenda eins og reyndar kemur fram í inngangi almennra athugasemda í greinargerð með því. Tel ég eðlilegt að einnig verði haft sambærilegt samráð við þá sem gæta hagsmuna og réttinda neytenda og sérstakra hópa þeirra, svo sem sjúklinga. Mikilvægt er að skýra réttaróvissu, sem rakin er í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu, eins og er tilgangur þess. Enn mikilvægara er þó að mínu mati að vega rétt saman réttindi þau og hagsmuni þá sem takast á í máli þessu. Bent skal á að annars vegar eru mikilvæg réttindi neytenda og annarra til *persónuverndar* og hins vegar eru ríkir hagsmunir neytenda af aukinni *samkeppni* á váttryggingarmarkaði, þ.m.t. um persónutryggingar, sem virðist ónóg. Af þeim sökum og vegna opinberrar umræðu undanfarinna daga um frumvarp þetta legg ég til að afgreiðslu málsins verði frestað og viðhaft viðtækara samráð við alla hagsmunaaðila áður en það er afgreitt frá Alþingi.

Verði ekki fallist á þessa tillögu er til vara rétt að leggja til eftirfarandi. Í fyrsta lagi verði tekið sérstaklega á því í endanlegu frumvarpi og sett inn í sjálf lögin um váttryggingarsamninga ákvæði sem tryggi að váttryggðum verði ekki neitað um bætur úr persónutryggingu – árum og jafnvel áratugum eftir töku

tryggingarinnar og eftir greiðslu iðgjalda í allan þann tíma – á grundvelli þess að gefnar upplýsingar um sjúkdóma váttryggingartaka eða váttryggðs eða ættingja hans hafi ekki verið eða reynst réttar. Myndi slíkt leiða til óréttmætrar auðgunar váttryggingafélaga á kostnað neytenda. Mikilvægt er að sporna við að seldar séu tryggingar sem ekki geti komið til greiðslu eins og talsmanni neytenda hafa borist ábendingar og erindi um. Í öðru lagi tel ég þörf á að upplýsa – áður en málið er afgreitt frá nefndinni – hvort þeir neytendur, sem ekki fá keypta persónuþryggingu sér eða sínum til handa vegna fyrirhugaðra breytinga eða gildandi laga, eiga í önnur hús að vanda með þá váttryggingarhagsmunum að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem tilteknir hópar búa við.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,


Gíslí Tryggvason.